

## AUGLÝSING

### um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

#### *Kirkjusandur.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulags- og samgönguráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs, þann 19. september 2018, breytingu á skilmálum deiliskipulags fyrir Kirkjusand. Í breytingunni felst breyting á byggingarmagni. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. ml. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Ellidaárdalur.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 7. september 2018, breytingu á deiliskipulagi Elliðaárdals. Í breytingunni felst að vegna nýs deiliskipulags fyrir Vogabyggð, svæði 5, er afmörkun skipulags Elliðaárdals breytt þannig að mörk skipulagsins eru dregin vestan Geirsnefs í vesturál Elliðaáanna. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Faxafen 5.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 21. september 2018, breytingu á skilmálum deiliskipulagsins Skeifan – Fenin vegna lóðarinnar nr. 5 við Faxafen. Í breytingunni felst heimild til að gera smávægilegar breytingar á byggingum á lóðinni s.s. svalir, aðlaga útlit og innra fyrirkomulag sem samræmist ákvæðum gildandi deiliskipulags um starfsemi á lóðinni. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Hverfisgata 73.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 21. september 2018, breytingu á deiliskipulagi Skúlagötusvæðis vegna lóðarinnar nr. 73 við Hverfisgötu. Í breytingunni felst m.a. að hækka húsið, stækka til norðurs, setja kvisti á norður- og suðurhlíð byggingar og svalir á 1. hæð og rishæð. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 4. október 2018.*

**Björn Axelsson.**